



Landsvirkjun

F L U T N I N G S S V I Ð

Rvk. 09.09.2002

Til: Helgu Aðalgeirs dóttur
Vegagerðin
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Svar við bréfi dag: 15. ágúst 2002
Tilvísun: 2000110001/40.1

Varðar: Hringveg um Norðurárdal í Skagafirði, fyrirspurn vegna legu Rangárvallalínu 1 og eða legu nýrra mannvirkja á svæðinu með tilliti til fyrirhugaðra vegaframkvæmda og mats á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun hefur eins og er ekki uppi áform um byggingu nýrrar raflínu sem hafa myndi áhrif á lagningu nýs vegar um Norðurárdal í Skagafirði.

Ljóst er að nýr vegur kemur til með að þvera Rangárvallarlínu 1, reglugerð um raforkuvirkir gerir ákveðnar kröfur þar sem vegur og raflínur þverast.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir að teknu tilliti til neðangreindra fyrirvara.. Landsvirkjun bendir á að taka þarf tillit til neðangreindra fyrirvara með hliðsjón af reglugerðarákvæðum þar um. Einnig minnum við á kostnaðarhlut Vegagerðarinnar vegna hugsanlegra breytinga eins og verið hefur með hliðstæð verk.

Fyrivarar

Veglína A:

Gerður er fyrirvari vegna hæðar af veki í leiðara línu við Skeljungshöfða.

Veglína G:


Æskilegt er að þverun vegar og raflínu við Kjálkaveg fari ekki undir 35°

Gerður er fyrirvari vegna hæðar af veki í leiðara línu og fjarlægðar staura að vegöxl á sama stað.

Veglína M:

Gerður er fyrirvari vegna hæðar af veki í leiðara línu nærri þverun Kjálkavegar og einnig ofan við Krókárgerði.

Fyrir hönd netrekstrar Landsvirkjunar


Árni Stefánsson
Yfirmaður netrekstrar
Landsvirkjun - flutningssvið